

Til sölu

Subaru Impresa 2000. árgerð '97
Er í góðu standi.

Á sama stað Yamaha rafmagnsorgel fæst fyrir lítið.

Upplýsingar í síma 464 3560
eða 896 3321



Til sölu

Íslenskir fjárhundahvolpar.

Eru vel ættaðir.

Upplýsingar í síma 899 1799

Páskahelgihald í Laufásprestakalli



Föstudagurinn langi

Föstuganga í Laufás. Lagt af stað frá Végeirsstöðum í Fnjóskadal kl. 11.00. Lesið úr píslarsögu við upphaf göngu. Björgunarsveitin Þingey vaktar gönguna. Súpa og brauð til sölu í þjónustuhúsinu í Laufási við komu. Tónleikar í Laufáskirkju kl. 14.30. Hjónin Ívar Helgason og Margrét Árnadóttir kalla fram ljúfa tóna.

Í Laufás á deginum langa
liggur vor för með lið.
Hin árvissa föstuganga
og Frelsarinn þér við hlið. (BPB)

Páskar

Laugardagur 19. apríl

Páskaguðspjónusta með fermingu í Þorgeirskirkju kl. 14.00

Fermingarbörn:

Arnar Freyr Ólafsson Fljótshakka

Eyþór Kári Ingólfsson Úlfshæ

Guðný Jónsdóttir Staðarfelli

Sunnudagur 20. apríl

Páskaguðspjónusta í Lundarbrekkukirkju kl. 14.00.

Páskaguðspjónusta í Hálskirkju kl. 16.00

Jónína Ólafsdóttir guðfræðinemi prédikar.

Í kjölfar íbúafundar sem Samstaða hélt í Ljósvefningabúð sl. mánudagskvöld vill framboðið koma á framfæri nokkrum punktum um helstu áherslumál framboðsins.

Skólamál.

Rekstur leik-, grunn-, og tónlistarskóla eru viðamestu verkefni sveitarfélagsins. Samstaða stefnir að því að ná fram verulegri hagræðingu í rekstri þessara stofnanna á kjörtímabilinu. Lögð er áhersla á að þessi hagræðing nái til allra starfsstöðva og verði unnin í nánu samstarfi við stjórnendur, starfsfólk og foreldra. Í þessu starfi skal kappkostað að standa vörð um það góða starf sem unnið er í skólunum og þess gætt að fagleg sjónarmið verði ráðandi.

Þingeyjarskóli verður starfræktur áfram á þeim starfsstöðvum sem nú eru, næsta skólaár.

Haustið 2014 fari fram íbúakosning í skólahverfi Þingeyjarskóla um framtíðarskipan skólans.

Þar verði kosið um hvort starfrækja skuli grunnskólastigið áfram á tveimur starfsstöðvum eða sameina það á einn stað. Íbúakosning þessi verði bindandi en sveitarstjórn taki að henni lokinni ákvörðun í samræmi við niðurstöður hennar. Starfsemi Þingeyjarskóla verði samkvæmt þeirri niðurstöðu frá haustinu 2015.

Nái kjörsókn ekki 50% af atkvæðisbærum mönnum á skólasvæði Þingeyjarskóla litur Samstaða svo á að sveitarstjórn sé óbundin af niðurstöðunni

Sveitarstjórn skal fyrir þessar kosningar kynna íbúum með ítarlegum hætti hvað hvor kostur um sig hefur í för með sér, fjárhagslega, faglega og félagslega sem og hugmyndir um mótvægisáðgerðir við þeirri röskun sem niðurstaða kosninganna gæti haft í för með sér.



Þingeyjarsveit

Frá sundlauginni á Laugum

Nýr opnunartími um helgar og hátíðir!

Framvegis verður opið frá kl. 14 til 17 á laugardögum.

Opnunartími um Páskana.

17. apríl	Fimmtudagur/Skírdagur	Opið 14 – 17.
18. apríl	Föstudagurinn langi	Lokað
19. apríl	Laugardagurinn	Opið 14 – 17.
20. apríl	Sunnudagur/Páskadagur	Lokað
21. apríl	Mánudagur/Annar í páskum	Opið 14 – 17.

Síminn í sundlauginni er 862-3822

Fylgist með okkur á facebook!

Áætlað er að Geirhjörtur ríði um sveitir frá og með sumardegnum fyrsta (24 apríl). Þar sem kartöflur í héraði fara minnkandi væri mjög til hagræðis, ef þið sveitungar, sem hefðuð áhuga á matarkartöflum og eða útsæði létuð vita sem fyrst á netfangið eyjabiti@eyjabiti.is eða í síma 862-3243

Kveðja

Darri Grenivík

**Lokahátíð Sunnudagaskólans verður haldin á skírdag,
fimmtud. 17.apríl kl. 11.00 í Kirkjumiðstöðinni
Vestmannsvatni.**

Við ætlum að syngja mikið, heyra um síðustu daga Jesú og upprisuna, fara í léttu leiki og gæða okkur síðan á gómsætum pylsum. Umsjón hafa sr. Sólveig Halla og sr. Þorgrímur. Allir velkomnir, við hlökkum til að sjá ykkur.



Vilt þú vinna hjá Mývatnsstofu í sumar?

Starfsmenn óskast í sumarstörf hjá Mývatnsstofu ehf. Helstu verkefni starfsmanns Mývatnsstofu eru almenn afgreiðslustörf, upplýsingamiðlun til ferðamanna og ferðaþjónustuaðila, umboðssala, umsjón með heimasíðu og uppgjör.

Hæfniskröfur eru sjálfstæði, skipulagshæfni og frumkvæði í starfi. Jákvæðni og fagleg framkoma. Hæfni í mannlegum samskiptum, almenn tölvukunnátta og góð tungumálakunnátta.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af sambærilegu starfi og hafi reynslu af sölustörfum.

Vinsamlegast sendið inn ferilskrá og formlega umsókn til Guðrúnar Brynleifsdóttur á gudrun@visitmyvatn.is. Nánari upplýsingar í síma 464 4390 / 898 9820

Umsóknafrestur er til og með 18. apríl nk.



Skipulags- og byggingamál

Við upphaf hvers kjörtímabils ber nýkjörinni sveitarstjórn að endurskoða aðalskipulag sitt. Samstaða mun gera það og hafa að leiðarljósi sömu áherslur og eru í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins 2010-2022.

Áhersla verði lögð á landvernd og landnotkun, t.d. varðveislu lands til matvælaframleiðslu, áninga- og skoðunarstaði fyrir ferðafólk sem aukið geta búsetuskilyrði sem viðast í sveitarfélaginu.

Samstaða leggur til að sorp í sveitarfélaginu verði flokkað með það að markmiði að endurvinnsla og endurnýting verði sem mest og þannig dregið úr því magni sem fer til urðunar. Nú fer mestur hluti sorpsins úr sveitarfélaginu til urðunar þar sem sorpbrennslu hjá Sorpsamlagi Þingeyinga hefur verið hætt.

Mótuð verði umhverfisstefna fyrir sveitarfélagið á kjörtímabilinu.

Atvinnumál:

Byrjuð er vinna við að kostnaðargreina lagningu ljósleiðara í öll heimili í sveitarfélaginu. Ljóst er að þrátt fyrir umtalsverðan kostnað þá er verkefnið raunhæft og mikilvægt fyrir alla framþróun. Ljósleiðarar bæta verulega búsetuskilyrði og auka tækifæri íbúa sveitarfélagsins til starfs og náms.

Stefnt er að verkefnið taki 3-5 ár og hefjist jafn fljótt og auðið er.

Samstaða mun áfram reyna eftir fremsta megni að veita góðum verkefnum brautargengi í gegnum Atvinnuefningu

*Asvaldur
Arni Pétur
Arnór
Margrét*

X - Samstaða

Opnunartími um páska

Skírdagur	17. apríl kl. 10 – 20
Föstudagurinn langi	18. apríl kl. 13 – 17
laugardagur	19. apríl kl. 10 -20
Páskadagur	20. apríl LOKAÐ
Annar í páskum	21. apríl kl. 13 – 17

Leikir á breiðtjaldi:

Sunnudagur 13.apríl kl: 13.00 Liverpool – Man. City

Á sumardaginn fyrsta 24. apríl verður ísvélin sett í gang eftir vetrardvala.

Verið velkomin,
Dalakofinn / Útibú ehf.
s. 464-3344 dalakofinn.is



Leikdeild Eflingar sýnir nýtt íslenskt leikverk, Í beinni, eftir Hörð bór Benónýsson með tónlist eftir Jaan Alavere í leikstjórn Jennýjar Láru Árnéisdóttur og tónlistarstjóm Jaan Alavere og Péturs Ingólfssonar.

7. sýning	föstudaginn	11. apríl	kl. 20:30
8. sýning	laugardaginn	12. apríl	kl. 16:00 Örfé serti laus!

Athugið takmarkaður sýningarfjöldi.

Miðapantanir í síma 618-3945 og á leikdeildgla.leideild.is

Við veikum athygli á sérstöku leikhústilboði sem Dalakofinn býður í samstarfi við náttúru þar sem hægt er að fá saman í pakki mat og leikhúsmiða. Hið rómaða vöflukaffi Ivenfélagsins er til sölu fyrir sýningu og í hlá.

	Náðaverð	Miði og matar
Fullorðnir	3000 kr	6200 kr
Eldri borgarar	2600 kr	5900 kr
Börn (16 ára og yngri)	2000 kr	5400 kr

Framsýn greiðir niður miða fyrir félagsmenn sína. Vinsamlegast sakið afsláttarmiða á skrifstofu Framsýnar áður en greitt er í leikhúsinu.

Hlökkum til að sjá ykkur á Breiðumyrri!

14.tbl.

10. apríl

2014

21. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



Þingeyingar, ferðafólk.

Munið hina árlegu páskatónleika.

Á skírdag 17. apríl kl. 20:00 í Skjólbrekku.

Þar verður flutt tónlist m.a. eftir Beethoven, Chopin, Dvorák, íslensk sönglög og óperusmellir.

Sérstakir gestir eru karlaoktettinn Garðar Hólm.

Á föstudaginn langa 18. apríl kl. 21:00 í Reykjahlíðarkirkju.

Meðal annars verður þar flutt tónlist eftir Bach, Händel, Glück ásamt íslenskum sálmalögum.

Flytjendur:

Sesselja Kristjánsdóttir

mezzosópran

Lauvey Sigurðardóttir

fiðla

Aladár Rác

píanó/orgel.

Í Skjólbrekku verða sýndir pappírsskúlptúrar „Mý“ eftir Svövu Björnsdóttur myndlistarmann.

Miðasala við innganginn

Miðaverð á aðra tónleikana kr. 2.500 ,
tvennir tónleikar kr. 4.000.

Músík í Mývatnssveit.